



Alþingi
Erindi nr. P 143/53
komudagur 28.10.2013

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bt. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur ritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2013
Tilv.: 1310007

Efni: Umsögn um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), 34. mál.

Vísað er til tölupósts frá nefndarsviði Alþingis þann 10. október sl. þar sem óskað var eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), 34. mál.

Í XIX kafla frumvarpsins er fjallað um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum (búvörulög). Sú breyting hefur í för með sér brottfellingu á lögbundnu verðmiðlunar- og verðtilfærslugjaldi í landbúnaði. Lagt er m.a. til í frumvarpinu að 19. og 22. gr. laganna falla brott og að gerðar verði breytingar á 24., 26., 27. og 29. gr. laganna því til samræmis.

Í athugasemdum við frumvarpið er sagt að tilgangurinn sé að leggja niður óþarft fyrirkomulag verðmiðlunar- og verðtilfærslukerfis í landbúnaði og um leið að gera verðlagningu gagnsæri. Talið er að með þessu sé skilyrði fyrir samkeppni einnig bætt og afurðastöðvum í mjólkuriðnaði betur gert kleift að takast á við samkeppni erlendis frá.

Samkeppniseftirlitið lýsir yfir ánægju með framangreinda breytingu laganna enda hefur stofnunin lengi talað gegn opinberum samkeppnishömlum í landbúnaði sem m.a. framangreind verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld hafa í för með sér. Benda má á að í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2006 *Opinberar samkeppnishömlur í landbúnaði* kom m.a. fram að 19. og 22. gr. búvörulaga væri að mati eftirlitsins andstæð markmiðum samkeppnislaga. Sama afstaða kom einnig fram í umsögn Samkeppniseftirlitsins til nefndarsviðs Alþingis, dags. 3. desember 2007, í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Samkeppniseftirlitið er samkvæmt framansögðu fylgjandi þeim breytingum sem gerðar eru í XIX kafla frumvarpsins eins langt og þær ná. Betur má þó ef duga skal ef markmið



er að bæta samkeppnishæfni afurðastöðva í mjólkuriðnaði þannig að þeim sé gert betur kleift að takast á við samkeppni erlendis frá. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins til nefndarsviðs Alþingis, dags. 5. ágúst 2010, var bent á að löggjafinn sjálfur hefur undanþegið mjólkurvörumarkað mikilvægum ákvæðum samkeppnislaga, í því skyni að fyrirtæki á markaðnum geti haft með sér samráð neytendum og bændum til tjóns. Tekið var fram og áréttað að sá agi og aðhald sem leiðir af virkri samkeppni stuðli að hagkvæmum rekstri og nýsköpun. Einokun hefur þveröfug áhrif.

Samkeppniseftirlitið vill í ljósi framangreinds sérstaklega benda á að í ákvæði 71. gr. búvörulaga er afurðastöðvum í landbúnaði heimilt að sameinast og eiga með sér samráð þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga. Í framgreindu álit frá 5. ágúst 2010 var á það bent að íslenskur mjólkurmarkaður hefur mörg einkenni samráðshrings sem á heilbrigðum samkeppnismarkaði brýtur í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Ef efla á samkeppnishæfni í mjólkuriðnaði hér á landi þá telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að 71. gr. búvörulaga verði einnig felld brott. Sú aðgerð myndi efla innlenda samkeppni í mjólkuriðnaði sem er grundvallarforsenda fyrir því að afurðastöðvar í mjólkuriðnaði verði betur búnar undir aukna samkeppni erlendis frá.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson